



Innkaupa og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. janúar 2026
USK26010152

Kaup á sorphirðubifreiðum fyrir Reykjavíkurborg, EES útboð nr. 16237

Tilboð í kaup á sorphirðubifreiðum fyrir Reykjavíkurborg voru opnuð 30.12.2025. Eitt tilboð barst, frá Kletti sölu og þjónustu.

Í niðurstöðu fjárhagsskoðunar skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar kemur fram að Klettur sala og þjónusta getur ekki sýnt fram á skuldleysi innan þess frests sem krafist er í útboðsgögnum vegna útboðs nr. 16237 Kaup á sorphirðubifreiðum fyrir Reykjavíkurborg.

Þar sem Klettur sala og þjónusta er eini bjóðandinn og skilyrði um gilt vottorð um skil á opinberum gjöldum voru ekki uppfyllt við opnun tilboða, ber að líta á tilboðið sem ógilt á grundvelli útboðsskilmála. Að auki leggur seljandi fram ábyrgðarskilmála með tilboði sínu sem eru í ósamræmi við kröfur útboðsgagna, sem ekki verði litið á með öðrum hætti en sem frávik frá skilmálum útboðsins, sem er óheimilt samkvæmt grein 0.6.3 í útboðslýsingunni.

Óskað er heimildar innkaupa og framkvæmdaráðs til þess að hafna tilboðinu, og jafnframt heimildar til að hefja samningskaup vegna innkaupa á sorphirðubifreiðum fyrir Reykjavíkurborg.

Guðmundur B. Friðriksson
Skrifstofa umhverfisgæða
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík